

49 framfærzluhreppur hans var álitinn að vera, rituð tilkynning um að hann væri orðinn sveitarþurfi, og eptir það gekk framfærzlumálið sinn gang, þar til er það var úrskurðað af amtmanni 19. ágúst 1887, eins og að ofan er á drepið. Að því er aptur á móti snertir 17 krónur, sem veittar hafa verið 16. febr. 1886 án þess nokkur tilkynning um þá veitingu færi fram fyrr en 22. októbermánaðar, verður að fallast á, að bæjarstjórnin hafi með þeim drætti, sem ekki er að neinu rjettlættur, fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds á þeirri upphæð, og ber því að draga hana frá reikningsupphæð bæjarstjórnarinnar, en eptirstöðvarnar, 85 kr. 13 au. ber að greiða úr sveitarsjóði Saurbæjarhrepps án frekari dráttar.

50

7. marz

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli. —

Eptir að hafa mótttekið þóknanlegt brjef stiptsyfirvaldanna, dags. 28. jan. þ. á. vil jeg hjer með veita samþykki til, að presturinn að Selárdal, síra Lárus Benediktsson, taki embættislán, að upphæð 1500 krónur, upp á prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu timburhús, allt að því 14 álnir á lengd og 6½ al. á breidd, og að öðru leyti samkvæmt lýsingu þeirri, er brjef yðar og þar að lútandi skjöl innihalda, þannig að hús þetta komi í staðinn fyrir forna timburstofu, sem nú er á prestssetrinu, og sem metin hefur verið á 350 krónur. Þó er lántökuleyfið bundið þeim skilyrðum, að lánið allt með vöxtum verði endurborgað innan 20 ára frá lántökudegi; að helmungurinn af upphæð lánsins verði eigi tekinn fyr en húsið er fullgjört og sannað er með lögmatrí skoðunargjörð undir umsjón prófests að verkið sje vel af hendi leyst og byggingin samkvæm lýsingu prestsins, dags. 20. ág. f. á., er hjermed endursendist yður, að húsið verði eign staðarins, og að presturinn váttryggi húsið fyrir að minnsta kosti 2000 kr. þegar er það er uppkomið og haldi því síðan í slíkri ábyrgð; og *loks*, að presturinn haldi húsinu vel við og hann eða bú hans skili því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.

51

25. marz

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu um legu-

kostnað þurfalings. Eptir að hafa mótttekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 1. f. m. og þar með fylgjandi erindi hreppsnefndarinnar í Holtshreppi í Skagafjardarsýslu, dags. 30. ág. f. á., þar sem hún áfrýjar úrskurði amtsins, dags. 12. maí f. á., er ákveður að tjeð hreppsnefnd skuli greiða hreppsnefnd Húsavíkurhrepps 88 kr. 49 aura, sem kostnað við sjúkdómslegu Sigurlaugar nokkurrar Guðmundsdóttur, sem viðurkennd er sveitlæg í Holtshreppi, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Holtshreppi, að með því að það, eins og tekið er fram í amtsúrskurðinum, er endilega útkljáð með samkomulagi hlutadeigandi sýslumanna, sbr. 3. gr. í fátækra reglugjörð 8. jan 1834, enda samþykkt af hreppsnefndinni í Holtshreppi að henni beri að endurgjalda nauðsynlega læknishjálp stúlkunni til handa, — en

það er í þessu tilliti þýðingarlaust, hver sjúkdómur hefur að henni gengið —, og með því að jeg eptir kringumstæðunum ekki finn ástæðu til, að færa reikning- 51
inn yfir sjúkdómslegukostnaðinn niður, þá staðfestist hjer með hinn áfrýjaði amts- 25. marz
úrskurður í öllum greinum, og ber að sjá um, að hreppsnefndin í Holtshreppi
greiði hreppsnefndinni í Húsavíkurhreppi hinar umræddu 88 kr. 49 aura.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu um 52
hlunnindi handa sparisjóði. — (ágrip). Með brjefi þessu eru sparisjóði Svarfdælinga 26. marz
endurveitt hlunnindi þau, sem um ræðir í tilsk. 5. jan. 1874 (sbr. landsh.brjef
26. febr. 1890) um 5 ára tímabil frá 31. jan. 1895 að telja, með venjulegum skil-
yrðum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suduramtinu og Vesturamtinu um breyting á 53
mantalsþinghám. — Út af beiðni þeirri, er ræðir um í þóknanlegu brjefi yðar, 10. apríl
herra amtmaður, dags. 26. f. m., frá hreppsnefndunum í Rosmhvalanes- og Mið-
neshreppum, um að hinn sameiginlegi þingstaður hreppanna á Skaga verðilagð-
ur niður, og hinn fyrnefndi hreppur hafi framvegis þingstað á Gerðum í Gardi,
en hinn síðarnefndi á Busthúsum, læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að hið umbeðna leyfi veitist með því
skilyrði, að hreppsnefndirnar skuldbindi sig til að sjá um, að jafnan sjeu til sæmi-
leg hús til þinghaldanna á hinum nýju þingstöðum.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um lausa- 54
mennskuleyfi. — Í þóknanlegu brjefi dags. 1. þ. m., hafið þjer, herra sýslu- 18. apríl
maður, skýrt frá því, að vinnumaður einn á Akranesi hafi beðið yður um lausa-
mennskuleyfisbrjef, en ætli sjer ekki að nota leyfið í lögsagnarumdæmi yðar,
heldur sje ásetningur hans að setjast að sem lausamaður í Reykjavík á næst-
komandi vinnuhjúaskildaga. Með því að leyfisbrjefið á að vera tekið fyrir 1.
maí samkvæmt lögum 2. febr. f. á. og gjaldið fyrir það á að renna í styrktar-
sjóð á Akranesi, teljið þjer næst liggja, að þjer gefið út brjefið. En hins vegar
virðist yður álitamál, hvort hlutaðeigandi verði ekki samkvæmt 7. gr. í tilsk.
um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863 að leysa nýtt brjef í Reykjavík, og
yrði þá niðurstaðan sú, að leyfisbrjef það, er þjer hefðuð útgefið, og sem leysti
manninn frá vistarskyldunni frá næstkomandi vinnuhjúaskildaga, hefði aldrei
neitt gildi, enda þyrfti maðurinn þá að greiða 2 krónum meira fyrir að geta byrj-
að lausamennsku er lögin gjöra ráð fyrir. Út af þessu hafið þjer beiðst úr-
lausnar á þeirri spurningu, hvort maður, sem fengið hefir lausamennskuleyfis-
brjef og flytur sig á næsta vinnuhjúaskildaga út úr lögsagnarumdæminu, er hann
hefur fengið leyfisbrjefið í, sje skyldur til þess að taka nýtt leyfisbrjef í því um-
dæmi, sem hann flytur sig inn í.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar
leiðbeiningar, að það er álit mitt, að ákvæði 7. greinar í tilsk. 26. maí 1863:
»Nú flytur nokkur, er fengið hefur leyfisbrjef, sig í annað lögsagnarumdæmi, og